

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1293/2005

frá 5. ágúst 2005

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2676/90 um að ákveða aðferðir Bandalagsins við vöngreiningu

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,  
með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins<sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mælt hefur verið fyrir um aðferðir til að mæla umframþrýsting í freyðivínum og hálfreyðandi vínum í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar viðmiðanir. Alþjóðavínskrifstofan samþykkti nýja lýsingu á þessari aðferð á aðalfundi sínum árið 2003.
- 2) Notkun þessarar aðferðar getur tryggt einfaldara og nákvæmara eftirlit með umframþrýstingi í þessum vínum.
- 3) Lýsingin á venjulegu aðferðinni í 37. kafla í viðaukanum við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2676/90<sup>(2)</sup> er ekki

lengur nauðsynleg og því ber að fella niður 3. mgr. 37. kafla. Enn fremur skal taka uppfærða lýsingu á þessari aðferð upp í nýjum kafla í viðaukanum við þá reglugerð.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 2676/90 til samræmis við þetta.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 2676/90 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. ágúst 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Mariann FISCHER BOEL

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1188/2005 (Stjtið. ESB L 193, 23.7.2005, bls. 24).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 272, 3.10.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 355/2005 (Stjtið. ESB L 56, 2.3.2005, bls. 3).

## VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 2676/90:

1. Ákvæðum 37. kafla, „Koltvísýringur“, er breytt sem hér segir:

a) 1. mgr. breytist sem hér segir:

- i) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi: „1. GRUNDVÖLLUR AÐFERÐARINNAR“,
- ii) liður 1.2 falli niður,

b) í stað fyrirsagnar 2.3 liðar í 2. mgr. komi eftirfarandi fyrirsögn: „Útreikningar á fræðilegum umframþrýstingi“,

c) 3. og 4. mgr. falli brott,

2. á eftir 37. kafla er eftirfarandi texta bætt inn sem 37. kafla a:

**„37. kafli a — MÆLING UMFRAMÞRÝSTINGS Í FREYÐIVÍNUM OG HÁLFFREYÐANDI VÍNUM**

1. GRUNDVALLARREGLA

Þegar hitastigið er orðið stöðugt og flaskan hefur verið hrist er umframþrýstingur mældur með þrýstimæli (aphrometer). Þrýstingurinn er gefinn upp í paskölum (Pa) (I. aðferð). Aðferðin gildir einnig um loftblönduð freyðivín og loftblönduð hálfreyðandi vín.

2. BÚNAÐUR

Umframþrýstingur í flöskum með freyðivíni og hálfreyðandi víni kallast þrýstimælir. Hann er mismunandi að gerð eftir því hvernig flöskunni er lokað (skrúfaðir málmtappar, ásmelltir málmtappar, kork- eða plasttappar).

2.1. Flöskur með málmtöppum

Þrýstimælirinn er í þremur hlutum (1. mynd):


- efsti hlutinn (skrúfa með holri nál) samanstendur af loftþrýstingsmæli (manometer), handvirkum þéttihring, skrúfu, sem gengur inn í miðhlutann, og nál sem fer í gegnum málmtappann. Á hlið nálarinnar er gat sem miðlar þrýstingi til loftþrýstingsmælisins. Pakkning tryggir að hann sé festur þétt við málmtappa flöskunnar,
- miðhlutinn (eða róin) gerir það kleift að miðjusetja efri hlutann. Hann er skrúfaður á neðri hlutann og festir búnaðinn tryggilega við flöskuna,
- neðri hlutinn (klemma) er með spora (spur) sem gengur undir kraga á flöskunni og heldur öllu mælitækinu saman. Til er sérstakur kragi fyrir hverja flöskutegund.

2.2. Flöskur með kork- eða plasttöppum


Þrýstimælirinn er í tveimur hlutum (Mynd 2):

- efsti hlutinn er eins og í fyrra tækinu en með lengri nál. Hann er samsettur úr langri, holri pípu sem er oddhvöss öðrum megin, þannig að nálin gangi auðveldlegar gegnum tappann. Oddurinn er laus og fellur niður í vínið þegar tappinn hefur verið gataður,

- neðri hlutinn samanstendur af ró og botnstykki sem situr á tappanum. Á botnstykkinu eru fjórar skrúfur sem eru notaðar til að festa tækið á tappann.



2. mynd: Þrýstimælir fyrir kork- eða plasttappa



1. mynd — Þrýstimælir fyrir málm-tappa

Athugasemdir varðandi loftþrýstingsmæla á þessum tveimur tækjum:

- Þeir geta annaðhvort verið vélrænir pípumælur af Bourdon-gerð (Bourdon tube-type device) eða stafrænir þrýstirafskynjarar (piezoelectric sensors). Í fyrra tilvikinu skal pípan (Bourdon tube) vera úr ryðfríu stáli.
- Þeir skulu vera kvarðaðir fyrir pasköl (Pa). Fyrir freyðivín er heppilegra að nota  $10^5$  pasköl ( $10^5$  Pa) eða kílopasköl (kPa) sem mælieiningu.
- Þeir geta verið af mismunandi flokkum. Flokkur loftþrýstingsmæla gefur til kynna nákvæmni álestrarins í hlutfalli við allt mælisviðið í prósentum (t.d. merkir 1 000 kPa loftþrýstingsmælir í 1. flokki að mælirinn getur að hámarki mælt þrýstinginn 1 000 kPa og frávik í álestri er  $\pm 10$  kPa). Fyrir nákvæmar mælingar er mælt með mælum í 1. flokki.

### 3. FRAMKVÆMD

Mælingarnar eru gerðar á flöskum sem hafa verið við stöðugt hitastig í a.m.k. 24 tíma. Eftir að málm-tappinn, kork-tappinn eða plast-tappinn hafa verið gataðir verður að hrista flöskuna rækilega til að ná stöðugum þrýstingi þannig að lesa megi af tækinu.

#### 3.1. Flöskur með málm-töppum

Rennið klemmuni yfir sporafestinguna undir kraga flöskunnar. Herðið róna þar til tækið situr fast á flöskunni. Efri hlutinn er skrúfaður á róna. Til að koma í veg fyrir að nokkur lofttegund leki út skal gata málm-tappann eins hratt og framast er unnt þannig að þakningin komist í snertingu við málm-tappann. Hrista verður flöskuna rækilega þar til stöðugur þrýstingur hefur náðst og unnt er að lesa af tækinu.

#### 3.2. Flöskur með kork- eða plast-töppum

Setjið odd á enda nálarinnar. Komið honum fyrir á kork- eða plast-tappanum. Festið skrúfurnar fjórar á korkinn. Herðið efri hlutann (nálin gengur í gegnum tappann). Oddurinn verður að falla niður í flöskuna þannig að þrýstingurinn skili sér í loftþrýstingsmælinn. Lesið af tækinu eftir að flaskan hefur verið hrist þangað til stöðugur þrýstingur hefur náðst. Takið oddinn úr flöskunni eftir álesturinn.

### 4. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Umframþrýstingur við 20 °C ( $P_{ph20}$ ) er gefinn upp í paskölum (Pa) eða kílopaskölum (kPa). Niðurstöðurnar skulu gefnar upp í samræmi við nákvæmni loftþrýstingsmælisins (t.d.  $6,3 \times 10^5$  Pa eða 630 kPa, en ekki  $6,33 \times 10^5$  Pa eða 633 kPa fyrir loftþrýstingsmæli í 1. flokki með heildarkvarðann 1 000 kPa).

Ef hitastigið mælist annað en 20 °C verður að leiðrétta gildið með því að margfalda mældan þrýsting með viðeigandi stuðli (sjá töflu 1).

Tafla 1

**Hlutfallið milli umframþrýstingsins  $P_{ph_{20}}$  í freyðivíni eða hálfreyðandi víni við 20 °C og umframþrýstingsins  $P_{ph_t}$  við hitastig  $t$**

°C	
0	1,85
1	1,80
2	1,74
3	1,68
4	1,64
5	1,59
6	1,54
7	1,50
8	1,45
9	1,40
10	1,36
11	1,32
12	1,28
13	1,24
14	1,20
15	1,16
16	1,13
17	1,09
18	1,06
19	1,03
20	1,00
21	0,97
22	0,95
23	0,93
24	0,91
25	0,88

## 5. EFTIRLIT MEÐ NIÐURSTÖÐUM

Aðferð við beina ákvörðun á eðlisfræðilegum þáttum (aðferð af gerð I)

Eftirlit með þrýstimælunum (aphrometers)

Skylt er að athuga þrýstimælana reglulega (a.m.k. einu sinni á ári).

Það er gert með því að nota kvörðunarbekk. Í kvörðunarbekknun er loftþrýstingsmælirinn, sem verið er að prófa, borinn saman við viðmiðunarloftþrýstingsmæli, sem er settur upp samhliða hinum og er í hærri gæðaflokki og sem hefur verið kvarðaður eftir landsstöðlum. Í athugininni eru borin saman gildin sem lesin eru af tækjunum tveimur, fyrst við stígandi og síðan fallandi þrýsting. Komi mismunur í ljós má stilla loftþrýstingsmælinn með stilliskrúfu.

Rannsóknarstofur og viðurkenndar stofnanir hafa slíka kvörðunarbekki; þeir eru líka fánlegir hjá framleiðendum loftþrýstingsmæla.“